

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 7. október 2025.

Mál nr. 830/2024:

## Ákærvaldið

(Guðrún Sveinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Almar P. Möller lögmaður)

## Lykilorð

Hæfi dómara.

## Útdráttur

Hafnað var kröfu X um að landsréttardómari viki sæti í málinu.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Jón Höskuldsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 10. október 2024 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og að fengnu áfrýjunarleyfi. Málgögn bárust réttinum 11. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 7. júní 2024 í málinu nr. S- [...] /2023.
- Í þessum þætti málsins er til úrlausnar krafa ákærða um að Jón Höskuldsson landsréttardómari viki sæti í því sökum vanhæfis. Málið var flutt munnlega um það atriði fyrir Landsrétti 18. september 2025.
- Ákærvaldið krefst þess að kröfu ákærða verði hafnað.

### Málsatvik

- Með tölvubréfi Landsréttar 26. júní 2025 voru aðilar upplýstir um að málinu hefði verið úthlutað til landsréttardómaranna Eiríks Jónssonar, Jóns Höskuldssonar og Þorgeirs Inga Njálssonar. Fyrirhugað var að aðalmeðferð málsins færi fram 9. september sama ár.
- Í greinargerð til Landsréttar byggir ákærði málsvörn sína meðal annars á því að alvarlegir annmarkar hafi verið á meðferð málsins í héraði þegar teknar voru skýrslur af börnum brotaþola í Barnahúsi. Það sé þannig „óumdeilt [...] að lögregla boðaði ekki verjanda ákærða til að vera viðstaddan skýrslutökur í Barnahúsi“ og þess í stað „boðaður lögmaður sem ákærði hafði engin tengsl við og þekkti ekki málsatvik“. Er í

greinargerðinni lögð áhersla á að sönnunarfærsla skuli vera milliliðalaus og að ákærði hafi aldrei fengið tækifæri til að gæta hagsmuna sinna við skýrslutöku af börnunum með aðstoð verjanda sem hann hafi valið.

- 6 Með tölvubréfi Landsréttar 1. júlí 2025 voru aðilar kvaddir á dómþing í þeim tilgangi að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur málsins, sbr. 3. mgr. 204. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í greinargerð ákærða til Landsréttar kom fram að hann teldi ekki þörf á sönnunarfærslu fyrir Landsrétti, þó áskilinn væri réttur til þess að setja fram beiðni um skýrslugjöf gæfi málatilbúnaður ákæruvaldsins tilefni til. Í greinargerð ákæruvaldsins var rakið að það teldi ekki þörf á skýrslutökum við aðalmeðferð málsins en teldi að minnsta kosti rétt að spila upptökur úr héraðsdómi af framburði ákærða og brotapolanna þriggja. Í þinghaldi 26. ágúst 2025 gerði verjandi ekki athugasemdir við óskir ákæruvaldsins um sönnunarfærslu og var tekin ákvörðun degi síðar um að spilaður yrði framburður ákærða og brotapolans A við aðalmeðferð málsins í héraði og framburður brotapolanna B og C í Barnahúsi.
- 7 Hinn 4. september 2025 var tilkynnt um ákvörðun sama dag um að brotapolinn B kæmi fyrir dóm til skýrslugjafar. Degi síðar mótmælti verjandi ákærða þeirri ákvörðun og taldi hana skorta lagastoð auk þess sem hún bryti gegn réttindum ákærða til réttlátrar málsmeðferðar. Vísaði hann jafnframt til þess að málatilbúnaði ákærða væri með þessu kollvarpað tveimur dögum fyrir aðalmeðferð.
- 8 Vegna athugasemda verjanda um síðbúna ákvörðun réttarins varðandi skýrslugjöf brotapolans og til að það kæmi ekki niður á möguleikum hans til að halda uppi vörnum var með tölvubréfi 5. september 2025 tilkynnt að Landsréttur hefði ákveðið að fresta aðalmeðferð málsins til 18. sama mánaðar. Þeirri ákvörðun mótmælti verjandi sama dag.
- 9 Ákæruvaldið upplýsti með tölvubréfi 17. september 2025 að beiðni hefði borist frá móður brotapolans B um að ákærði viki úr sal meðan stúlkan gæfi skýrslu. Óskaði Landsréttur eftir afstöðu verjanda til erindisins með tölvupósti sama dag. Taldi verjandi ekki „unnt að verða við erindinu“ með hliðsjón af því hvernig málsmeðferðin hefði verið frá því að rannsókn lögreglu hefði hafist. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að ákærði viki úr dómsal meðan brotapoli gæfi skýrslu. Mótmælti verjandi því með tölvupósti sama dag og taldi lagaskilyrði ekki uppfyllt. Við sama tilefni upplýsti hann að hann hygðist leggja fram bókun við upphaf aðalmeðferðar, sem fara átti fram degi síðar, þar sem þess yrði krafist að allir dómáramur málsins vikju sæti. Í ljósi boðaðrar kröfu ákærða óskaði Landsréttur eftir því að ákæruvaldið afboðaði brotapola til skýrslugjafar enda fyrirséð að aðalmeðferðin færi ekki fram fyrrgreindan dag vegna kröfunnar.
- 10 Verjandi lagði í þinghaldi 18. september 2025 fram bókun um að allir dómáramur málsins vikju sæti en við munnlegan málflutning féll hann frá því að sú krafa tæki til

landsréttardómaranna Eiríks Jónssonar og Þorgeirs Inga Njálssonar, þar sem þeir hefðu ekki staðið að ákvörðun um rekstur málsins fyrir Landsrétti.

### **Málsástæður aðila**

- 11 Krafa ákærða um að Jón Höskuldsson landsréttardómari víki sæti er reist á g-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008. Byggir ákærði á því að með ákvörðun Landsréttar 4. september 2025 hafi verið brotið gegn réttindum hans til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Vísað er til þess að annmarkar hafi verið á málsmeðferð héraðsdóms sem ekki verði lagfærðir fyrir Landsrétti og sé dómstólnum ekki heimilt að hlutast til um það. Vísað er til þess að ákæruvaldið hafi, með yfirlýsingu í greinargerð um sönnunarfærslu fyrir Landsrétti og án frekari óska í undirbúningsþinghaldi, verið reiðubúið að axla byrðina af sönnunargildi skýrslna úr Barnahúsi, en sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja megi honum í óhag hvíli á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Í kjölfar undirbúningsþinghalds hafi atriðum varðandi sönnunarfærslu við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti endanlega verið ráðið til lykta með ákvörðun réttarins 27. ágúst 2025. Eftir að verjandi hafi skilað tilvísanaskrá hafi Landsréttur tekið ákvörðun, án kröfu og lagastoðar, um að brotapolinn B gæfi skýrslu við aðalmeðferð málsins. Frumkvæði að skýrslugjöfinni hafi komið frá Landsrétti sem hafi „í reynd tekið sér stöðu til hliðar við ákæruvaldið í sókn málsins“. Byggir ákærði á því að það gefi ríkt tilefni til vafa um hlutlægni landsréttardómarans, bæði út frá huglægum og hlutlægum mælikvarða, þegar rétturinn freisti þess að laga málatilbúnað ákæruvaldsins. Telur ákærði að málatilbúnaði hans hafi verið kollvarpað með ákvörðuninni með þeim afleiðingum að brotið hafi verið gegn réttindum hans til réttlátrar málsmeðferðar en brotið hafi verið „fullframið“ 4. september 2025 og frestun málsins hafi engin áhrif á það mat.
- 12 Ákæruvaldið hafnar málatilbúnaði ákærða og telur ekkert fram komið sem leiði til þess að Jón Höskuldsson landsréttardómari sé vanhæfur til að fara með málið en málsmeðferð Landsréttar hafi verið í samræmi við lög.

### **Niðurstaða**

- 13 Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995, ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í greinargerð með því frumvarpi sem leiddi til framangreindra breytinga segir að skilyrðið um óhlutdrægan dómstól feli í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og að aðilar njóti jafnræðis að því leyti, en ákvæðið sækir fyrirmynd sína til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
- 14 Þegar lagt er mat á hæfi dómara til að fara með mál verður að gæta að því að tilgangur hæfisreglna í réttarfarslögum er ekki einungis að tryggja að dómari sitji ekki í máli nema hann sé óhlutdrægur gagnvart bæði aðilum máls og efni þess heldur einnig að

tryggja traust aðila jafnt sem almennings til dómstóla með því að koma í veg fyrir að dómari komi að úrlausn máls ef réttmæt tortryggni gæti risið um óhlutdrægni hans. Sé réttmætur vafi um óhlutdrægni dómara er óhjákvæmilegt að hann víki sæti í máli, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 22. apríl 2015 í máli nr. 511/2014 og 1. júní 2017 í máli nr. 90/2016.

- 15 Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur við úrlausn um það hvort dómari telst óvilhallur í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verið greint á milli annars vegar athugunar sem miðar að því að ganga úr skugga um hvaða viðhorf hafa ráðið hjá dómara í tilteknu máli og þá einkum hvort dómari hefur sýnt af sér fordóma eða hlutdrægni (huglægur mælikvarði) og hins vegar athugunar á því hvort til staðar eru hlutlæg atriði sem gefa réttmætt tilefni til að draga í efa að dómari sé óvilhallur (hlutlægur mælikvarði). Af dómum Hæstaréttar má ráða að þessi viðmið hafa verið lögð til grundvallar við skýringu 70. gr. stjórnarskrárinnar og lagaákvæða um sérstakt hæfi dómara.
- 16 Þegar meta skal hvort draga megi óhlutdrægni dómara með réttu í efa ber meðal annars að líta til þess út frá hlutlægum mælikvarða hvort fyrir hendi eru sýnileg ytri atvik eða aðstæður sem gefa réttmætt tilefni til að óttast megi um hlutlægni hans í málinu. Hlutlæga prófið lýtur meðal annars að tengslum dómara við sakarefni máls, aðila, fyrirsvarsmenn, vitni og málflytjendur. Ekki er nægilegt að dómari sjálfur telji sig óhlutdrægan heldur verður ásýnd dómstóls að vera með þeim hætti að ekki sé uppi réttmætur vafi um hlutlægni dómarans.
- 17 Þótt vanhæfisástæða sem aðili máls byggir á geti verið til þess fallin að vekja hjá honum efasemdir um óhlutdrægni dómara ræður það eitt ekki úrslitum um hvort honum ber að víkja sæti heldur hvort unnt er að færa efnisleg rök fyrir réttmæti slíkra efasemda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 23. júní 2021 í máli nr. 24/2021.
- 18 Mikilvægt er að lagaumgjörð um dómstóla sé með þeim hætti að það traust skapist um starfsemi þeirra sem nauðsynlegt er í lýðræðislegu samfélagi. Lagaákvæðum um sérstakt hæfi dómara til meðferðar máls og beiting þeirra er þannig ætlað að stuðla að því að ekki þurfi að efast um hlutlægni dómara við meðferð einstakra dómsmála.
- 19 Í a- til f-liðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 eru tilgreind afmörkuð atvik og aðstæður sem leiða til þess að dómara ber að víkja sæti við meðferð sakamáls. Í g-lið 1. mgr. greinarinnar er almennt vanhæfisákvæði en samkvæmt því er dómari vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem fallnar eru til þess að draga megi óhlutdrægni hans með réttu í efa.
- 20 Við mat á því hvort fyrir hendi séu í málinu ytri atvik eða aðstæður sem gefi aðilum réttmætt tilefni til að óttast megi um óhlutdrægni landsréttardómarans er til þess að líta að því er ekki haldið fram af hálfu ákærða að hann hafi tengsl við sakarefni málsins, málsaðila, vitni eða málflytjendur heldur lúta þær að þeim ákvörðunum sem landsréttardómarinn tók um málsmeðferðina og rekstur málsins fyrir Landsrétti. Að

mati ákærða veldur ákvörðunin um að brotapolinn B gefi skýrslu við aðalmeðferð málsins vanhæfi landsréttardómarans enda hafi hann „í reynd tekið sér stöðu til hliðar við ákærvaldið í sókn málsins“.

- 21 Þáttur í réttlátri málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið talinn að sönnunarfærsla í sakamálum skuli vera milliliðalaus, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 18. mars 2021 í máli nr. 34/2020. Fram að gildistöku laga nr. 49/2016, sem meðal annars breyttu lögum nr. 88/2008, fór mat á sönnunargildi munnlegs framburðar einungis fram fyrir héraðsdómi og sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar nema með óbeinum hætti í formi ómerkingar héraðsdóms. Með tilkomu millidómsstigs samkvæmt breytingarlögunum, sbr. einnig lög nr. 50/2016 um dómstóla, varð sú eðlisbreyting á meðferð sakamála að unnt er með áfrýjun til Landsréttar að leita endurskoðunar á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar.
- 22 Reglan um milliliðalaus sönnunarfærslu birtist einnig í 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 en þar segir að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Þá segir í 1. mgr. 112. gr. sömu laga að öflun sönnunargagna skuli að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið og kveður upp dóm í því. Þessar reglur gilda um meðferð máls fyrir Landsrétti, sbr. 210. gr. laganna.
- 23 Í umræddri reglu felst að ákærði og vitni, sem leidd eru fyrir dóm, skuli gefa skýrslu fyrir þeim dómendum sem skera úr um sekt eða sýknu ákærða, auk þess sem skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn skulu lögð fyrir þá. Að baki þessu búa þau rök að með því að dómari kynni sér sönnunargögn af eigin raun, þar á meðal hlýði sjálfur á framburð ákærða og vitna, sé líklegra að hann dæmi málið á réttum grundvelli. Þetta er í samræmi við aðra meginreglu sem gildir í sakamálaréttarfari um að leiða skuli hið sanna í ljós eða það sem nefnt hefur verið sannleiksreglan.
- 24 Í samræmi við fyrrgreinda sannleiksreglu getur dómari þurft að hafa frumkvæði að því að viðhlítandi upplýsingar komi fram í máli svo að það verði dæmt á réttum grundvelli. Þannig segir í 2. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008 að eftir því sem dómari telur nauðsynlegt til að upplýsa mál eða skýra það sé honum rétt að beina því til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði þess. Þá segir í 2. mgr. 111. gr. laganna að dómara sé heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotali eða önnur vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað samkvæmt 59. og 106. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Þetta á einnig við um meðferð mála fyrir Landsrétti, sbr. 210. gr. sömu laga. Jafnframt segir í 2. mgr. 204. gr. að Landsréttur geti beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði til að ráða bót á málalíbúnaði sem er áfátt. Hvað sem þessu líður skal áréttað að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákærvaldinu, auk þess sem allan skynsamlegan vafa um sönnun ber að virða honum í hag, sbr. 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laganna. Af þessu leiðir að ákærði verður sýknaður ef ákærvaldið axlar ekki þá sönnunarbyrði sem á því hvílir.

- 25 Af dómafrankvæmd Hæstaréttar verður ráðið að á Landsrétti geti hvílt frumkvæðisskylda við sönnunarfærslu fyrir réttinum í samræmi við fyrrnefnda sannleiksreglu, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 34/2020. Slík frumkvæðisskylda birtist meðal annars í dómi Hæstaréttar 17. september 2020 í máli nr. 54/2019, þar sem sá annmarki hafði orðið á skýrslutöku í Barnahúsi að syni ákærða var ekki gefinn kostur á að skorast undan vitnisburði á grundvelli b-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008. Hvorki ákærvaldið né ákærði óskuðu eftir nýrri skýrslu fyrir Landsrétti en í dómi Hæstaréttar segir að við meðferð málsins fyrir Landsrétti hefði að réttu lagi átt að freista þess að bæta úr fyrrgreindum annmarka með því að leiða son ákærða aftur fyrir dóm.
- 26 Sem fyrr segir er á því byggt í greinargerð ákærða að alvarlegir annmarkar hafi verið á skýrslutöku af börnum brotþola í Barnahúsi enda hafi verjandi ákærða ekki verið boðaður til hennar heldur annar lögmaður. Er í greinargerðinni lögð áhersla á að sönnunarfærsla skuli vera milliliðalaus og að ákærði hafi aldrei fengið tækifæri til að gæta hagsmuna sinna við skýrslutöku af börnunum með aðstoð verjanda sem hann hafi valið.
- 27 Að framangreindu gættu og til að bæta úr ætluðum annmarka við málsmeðferðina á fyrri stigum var því tekin ákvörðun 4. september 2025 um að brotþolin B, sem nú er 16 ára gömul, komi fyrir Landsrétt til skýrslugjafar. Þar fær ákærði tækifæri til að gæta hagsmuna sinna við skýrslutöku af barninu með aðstoð verjanda sem hann hefur valið.
- 28 Framangreind málsmeðferð fyrir Landsrétti, sem var í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2008, sbr. meðal annars 2. málslíð 2. mgr. 111. gr., meginreglur sakamálaréttarfars og dómafordæmi Hæstaréttar, veldur ekki vanhæfi landsréttardómarans Jóns Höskuldssonar, sbr. g-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 24. maí 2011 í máli nr. 319/2011. Verður kröfu ákærða því hafnað.

### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er kröfu ákærða, X, um að landsréttardómarinn Jón Höskuldsson víki sæti í málinu.